

Reykjavík 27. nóvember 2009

Matvæla- og næringarfræðafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 116. mál. Viljum við þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að koma með athugasemdir við frumvarpið.

Óskað er eftir viðbótum við texta þar sem fjallað er um gildandi reglugerðir um starfsheiti næringarfræðinga og næringarráðgjafa.

4. *Næringarfræðingar.* Um næringarfræðinga gildir nú reglugerð um starfsheiti og starfsréttindi næringarfræðinga, nr. 50/2007, sem leysti af hólmi eldri reglugerð frá árinu 1987. Næringarfræðingar starfa að næringarfræði við heilbrigðisstofnanir, kennslu-, rannsókn- og matvælastofnanir og víðar, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Viðbót: Óheimilt er að ráða til næringarfræðistarfa aðra en þá sem hafa löggilt starfsheiti næringarfræðings.

5. *Næringarráðgjafar.* Um næringarráðgjafa gildir nú reglugerð um starfsheiti og starfsréttindi næringarráðgjafa, nr. 51/2007, sem leysti af hólmi eldri reglugerð frá árinu 1987. Næringarráðgjafarstarfa að næringarráðgjöf á heilbrigðisstofnunum, kennslu-, rannsókn-, matvælastofnunum og víðar, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Viðbót: Óheimilt er að ráða til næringarráðgjafastarfa aðra en þá sem hafa löggilt starfsheiti næringarráðgjafa.

Rökstuðningur:


Til þess að mega nota starfsheitið næringarfræðingur þarf viðkomandi að hafa lokið a.m.k. MS gráðu í næringarfræði, skv. núgildandi reglugerð. Nám næringarráðgjafa krefst BS gráðu auk a.m.k. eins árs starfsnáms undir leiðsögn við viðurkennda menntastofnun. Þjálfun í aðferðafræði og störfum eftir að grunnnámi er lokið með B.S. prófi er nauðsynleg til þess að geta sinnt verkefnum sem snúa að m.a. öryggi almennings og meðhöndlun sjúkdóma með næringu.


Síðastliðið haust var í fyrsta skipti boðið upp á nám til B.S. gráðu í næringarfræði við Háskóla Íslands. Mikilvægt er að tryggja að nemendur sem einungis hafa lokið B.S. gráðu séu ekki ráðnir í störf næringarfræðinga eða næringarráðgjafa. Störfin sem um ræðir krefjast mun meiri sérhæfingar heldur en unnt er að veita með 3ja ára háskólanámi. Ennfremur hefur framboð á ýmsu námi er tengt er næringu og heilsu aukist á síðastliðnum árum, sem ekki stendur undir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra sem bera löggilt starfsheiti næringarfræðings annars vegar og næringarráðgjafa hins vegar. Ef nauðsynlegs náms er ekki krafist til starfsheitis og starfa í næringarfræði eykst hættu á misnotkun á nafni næringarfræðinnar til þess að selja almenningi "töfralyf" dýru verði

utan venjulegs eftirlitsskylds markaðar. Við teljum því nauðsynlegt að festa í lög að óheimilt sé að ráða til næringarráðgjafastarfa aðra en þá sem hafa löggilt starfsheiti næringarráðjafa sem og að óheimilt sé að ráða til næringarfræðistarfa aðra en þá sem hafa löggilt starfsheiti næringarfræðings. Þetta þarf að gera til þess að vernda skjólstæðinga okkar og þá fagmennsku sem nauðsynleg er til þess að sinna þessum störfum.

Virðingarfyllst,

f.h. Matvæla- og næringarfræðideildar Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands


Inga Þórsdóttir prófessor
Deildarforseti


Ingibjörg Gunnarsdóttir
Dósent í næringarfræði